

# SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES

FUNDARGERÐ 6.MARS 2015

GRUNDARFJÖRÐUR

HÓPUR	Framkvæmdastjórn Svæðisgarðs, Björg Ágústsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir
FUNDAREFNI	5. fundur framkvæmdastjórnar <b>Skilafundur Alta með framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness</b>
FUNDARSTJÓRN	Ragnhildur Sigurðardóttir
FUNDARRITARI	Ragnhildur Sigurðardóttir
FUNDARMENN	<i>Sturla, Eyþór, Björg, Ragnhildur og Örvar</i>
FRAMLÖGÐ GÖGN	Uppgjörsgögn fyrir forverkefni að stofnun Svæðisgarðs

## Dagskrá

<b>1. SAMANTEKT</b>
<p><b>1. Tilgangur þessa skilafundar</b> Ljúka verkefni um undirbúning Svæðisgarðsins Snæfellsness og gerð svæðisskipulags Snæfellsness. Í framhaldi af fundinum mun Grundarfjarðarbær ljúka fjárhagsuppgjöri sínu fyrir sveitarfélögin og samstarfsaðila, en bærinn hefur haldið utan um bókhald og uppgjör frá upphafi verkefnisins.</p> <p><b>2. Gögn</b> Fyrir fundinn hafði Björg sent fulltrúum í framkvæmdastjórn eftirfarandi gögn:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Samningur samstarfsaðila frá 7. mars 2012</li><li>• Rammasamningur milli Alta og verkkaupa, 7. mars 2012</li><li>• Viðaukasamningur sömu aðila, 7. mars 2012</li><li>• Fjárhagsuppgjör verkefnisins, mars 2015, brotið niður á mismunandi hátt - byggt á yfirlitum Alta, borið saman við bókhaldsgögn frá Grundarfjarðarbæ</li></ul> <p>Á fundinum var að auki vísað í verkefnisáætlun sem er hluti af ofangreindum samningum, verkefnisvefi sem til orðu við undirbúningsvinnuna og vef Svæðisgarðsins.</p> <p><b>3. Aðdragandi og samhengi verkefnisins</b> Björg rifjaði upp aðdraganda og samhengi þessa verkefnis, sem stofnað er til að erlendra fyrirmynd, en valdar leiðir sem taldar voru henta íslenskum aðstæðum og Snæfellsnesi. Til eru góðar erlendar fyrirmyndir þar sem árangur hefur náðst í að styrkja svæði, m.a. með vöruþróun, auknu samstarfi, skýrleika í kynningu og markaðssetningu og auknum áhuga og vitund um viðkomandi svæði. Í okkar verkefni voru valdar leiðir sem ekki hafa verið farnar annars staðar, t.d. að vinna stefnuna sem svæðisskipulag með mikla áherslu á að byggð sé upp "ímyndar (branding)-vinna" Snæfellsness til framtíðar. Skipulagið liggur nú fyrir, með skilgreindri framtíðarsýn og markmiðum til sóknar. Svæðisskipulaginu verður framfylgt annars vegar af sveitarfélögunum sjálfum (einkum verkefni sem heyra undir U-markmið í svæðisskipulaginu) og hinsvegar af Svæðisgarði (verkefni sem heyra undir A- og B-markmið og leiðir).</p> <p><b>4. Afmörkun verkefnisins</b> Björg fór yfir og skipti í þrennt eftirfarandi þáttum, sem greint er skýrt á milli: (1) Forverkefni unnið 2011 - lokið og uppgert sama ár. (2) Undirbúningur svæðisgarðs og svæðisskipulagsgerð, skv. samningi við Alta, sem er hér til umræðu og uppgjör. (3) Rekstur Svæðisgarðsins Snæfellsness sem stofnaður var 4.4.2014.</p> <p><b>5. Uppgjör samningsins við Alta</b> Samningur verkefniseigenda og Alta er frá 7. mars 2012. Þar segir m.a.: <i>Viðfangsefnið: Uppbygging svæðisgarðs á Snæfellsnesi:</i> <i>Viðfangsefnið er að móta og vinna skilgreinda áfangu við stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi.</i> Það er þessi samningur sem unnið hefur verið eftir og hér er gerður upp.</p>

### Verkefnisáætlun til grundvallar:

Hluti af samningi aðila var verkefnisáætlun sem stýrihópur forverkefnis skilaði af sér í byrjun september 2011. Í desember sama ár var sú áætlun lækkuð, í samræmi við ákvörðun sveitarfélaganna um hámark framlaga þeirra til verkefnisins, og áætlunin þannig staðfest á fundi eigendaráðs og stýrihóps 17. jan. 2012. Markmiðum verkefnisins var breytt til samræmis við það, þar sem ekki var hægt að ganga eins langt og upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir í að telja svæðisgarð "fullbúinn" í lok verks, eða eins og segir í samningnum: Umsamdir áfangar eru hluti af fleiri áföngum sem vinna þarf til að ná markmiðum með stofnun svæðisgarðs.

Þeir áfangar sem voru lækkaðir eða hætt við (geymdir) voru:

- kynning, samráð og samskipti - hluti af nokkrum verkþáttum
- undirbúningsvinna v/heimsókna í erlendan svæðisgarð
- hönnun á vörumerki og kynningarefni
- gerð vefsíðu (í staðinn settur upp umfangsminni vefur fyrir undirbúningsverkefnið)
- stofnun vörumerkis og tilheyrandi undirbúningsvinna og prufukeyrsla
- þekkingaryfirfærsla, þ.e. að undirbúa námskeið um hagnýtingu efnis úr vinnunni og keyrsla á grunnnámskeiði.

Þessum áföngum og verkþáttum var þó haldið inni í verkefnisáætlun (merktir gulir) með það í huga að í þá yrði farið ef viðbótarfjármagn fengist til að vinna þá. Styrkumsóknir og málaleitan við ráðuneyti skilaði hins vegar ekki frekari styrkjum.

### Áfangar verkefnisins

Þeir áfangar sem eftir stóðu (merktir grænir) í verkefnisáætluninni voru þeir sem samið var um að Alta ynni í þessu verkefni og voru verkþættir skilgreindir þar undir. Björg fór lauslega yfir þá og skil hvers þeirra, sbr. einnig umsögn Alta um framkvæmd áfanganna í sérstakri greinargerð dags. 12. mars 2015 sem fylgir fundargerð þessari.

Endurbætt verkefnisáætlun var unnin á lokuðum vef sem geymði allar upplýsingar um aðila og verkefnisstjórnun meðan á verki stóð, m.a. fundargerðir stýrihóps og svæðisskipulagsnefndar. Framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins hefur fengið aðgang að þessum vef og innihaldi hans.

## 6. Fjárhagslegt uppgjör

Fyrir fundinn hafði Björg sent fundarmönnum fjárhagslegt uppgjör verkefnisins en helstu fjárhæðir eru þar tilgreindar og sundurliðun fylgir vegna alls kostnaðar og vinnu. Farið var yfir kostnaðarliði og sundurliðun, sem byggir á afstemmingu á upplýsingum úr bókhaldi frá Grundarfjarðarbæ við kostnaðarutanumhald Alta í verkefninu. Í framhaldi af framlagningu uppgjörins lýkur Grundarfjarðarbær uppgjöri verkefnisins og kostnaðarskiptingu milli aðila.

### a. Framlög og heildarkostnaður við verkefnið skv. samningnum

Heildarkostnaður og framlög	
Umsamin framlög sveitarfélaga til verksins 2012-2014	34.000.000
Framlag Snæfells	500.000
Framlag SDS 2x200 þ.	400.000
50% kostnaðarframlag Skipulagsstofnunar vegna svæðisskipulagshlutans	25.699.200
<b>Samtals fyrir vinnu Alta og kostnað v/verksamningsins</b>	<b>60.599.200</b>

Skipulagsstofnun hefur greitt allt kostnaðarframlag sitt en það var greitt í fimm hlutum við áfangaskil skv. skipulagslýsingu sem fyrir lá í upphafi verksins. Uppgjör milli aðila er á þeirra ábyrgð og skv. samningi þeirra á milli og er ekki í verkahring Alta.

### b. Vinna Alta og annar kostnaður

Alta hefur rukkað fyrir vinnu sína á árunum 2012-2014 samtals 58.463.370 kr. og samtals er greiddur kostnaður vegna framkvæmdar verkefnisins (ferðakostnaður Alta, prentkostnaður, lén v. vefur og vinna annarra) 1.807.382 kr. Eftir stendur að Alta á eftir að rukka 328.448 kr. vegna síðustu vinnustundanna sem átti eftir að rukka fyrir, þegar þetta uppgjör lægi fyrir. Verður reikningur gerður nú næstu daga.

Skv. þessu uppgjöri er verkið á áætlun skv. samningi frá í mars 2012.

Unnið var á umsömdu tímakaupi skv. samningi með hækkunum í hlutfalli við hækkun Rammasamnings Ríkiskaupa.

Taxtar Alta hækkuðu skv. því tvisvar á tímabilinu, en síðasta hækkun sem átti að verða skv. þessu var ekki framkvæmd og eldri taxtar látnir halda sér út verktímann.

### c. Kostnaður vegna svæðisskipulagsnefndar, auglýsingar tillögunnar, ofl.

Kostnaður við nefndarlaun og akstur svæðisskipulagsnefndar er borinn af hverju sveitarfélagi fyrir sig og sveitarfélögin skipta milli sín fundakostnaði nefndarinnar, kostnaði við auglýsingu svæðisskipulagstillögunnar og prentun eintaka þess. Þessir liðir eru utan samningsins við Alta. Áætlun gerði ráð fyrir kostnaði (utan nefndarlauna) uppá 840 þús. kr. Kostnaður sem nú er fallinn til er um 830 þús. kr. en með prentkostnaði síðustu eintakanna sem þarf að prenta nú fyrir undirritun í lok mars, þá fer þessi kostnaður í ca. 890 þús. kr.

**d. Annað framlag Alta**

Björg sagði frá því að Alta hefði lagt til vinnu umfram fyrrgreinda áfanga og kostnaðarramma verkefnisins. Vinnan hefði verið tilgreind jafnóðum, en hún væri m.a. vegna vefsmíði, myndbandagerðar, vinnu með ungu fólki, kynningar á Svæðisgarði o.fl. Auk þess lagði Alta til vinnu við umsókn um IPA-styrk á árinu 2012, utan verkefnisins og við umsókn um skipulagsverðlaunin 2014. Gerð verður grein fyrir þessum liðum í tilheyrandi skilagrein um uppgjör áfanga verkefnisins.

Auk þessa var allur akstur starfsmanna Alta innan Snæfellsness á kostnað Alta, skv. samningnum, samtals tæplega 300.000 kr. vegna aksturs Bjargar á tímabilinu.

**e. Frágangur og næstu skref**

Í lok fundar afhenti Björg yfirfarinn hreyfingalista Grundarfjarðarbæjar til Ragnhildar framkvæmdastjóra, en hún mun yfirfara þá liði sem snúa að rekstri Svæðisgarðs og sjá til þess að bókfærður kostnaður á Svæðisgarðinn eftir stofnun hans, verði aðgreindur í bókhaldinu hjá Grundarfjarðarbæ frá því verkefni sem hér er til uppgjörs. Grundarfjarðarbær mun síðan í framhaldinu ganga frá uppgjöri milli aðilanna.

Ákvörðun: Þar sem fundarmenn höfðu ekki haft nægan tíma til að skoða þau gögn sem liggja til grundvallar var ákveðið að fresta formlegum verklokum þar til skoðaðir reikningar liggja fyrir.

**2. UNDIRSKRIFT SVÆÐISSKIPULAGS SNÆFELLSNESS**

Ákveðið var að skrifa undir Svæðisskipulag Snæfellsness við hátíðlega athöfn í Norska Húsinu, byggðasafni Snæfellinga, í Stykkishólmi. Framkvæmdastjóra Svæðisgarðs var falið að undirbúa athöfnina.

Fleira var ekki gert og fundi slitið